

Mál nr. 257/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysátryggingar sjómanna

Sjómaður meiddist á fæti þ. 26.7.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.7.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags.14.8.2013 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M segist hafa meiðst á ökkla um borð í fiskiskipi þ. 26.7.2008. Við læknisskoðun og segulómun af vinstri ökkla M þ. 2.4.2009 segir að hann sé með beinflís í ökklanum og talsverðar slitbreytingar í ökklaðiðnum og eins subtalar liðnum. M krefst bóta vegna slyssins úr slysátryggingu sjómanna hjá útgerð skipsins og vísar til tveggja vottorða um að hann hafi orðið fyrir slysi í umrætt sinn við vinnu sína. Af hálfu M er því haldið fram að útgerðarfélag skipsins hafi átt að sjá um að tilkynna slysið til V en auk þess þá hafi ekki verið ljóst fyrr en við skoðun læknis þ. 22.2.2012 að um varanlegar afleiðingar slyssins. V hafnar bótaskyldu og bendir á að tilkynning um slysið hafi borist félaginu þ.19.7.2012 tæpum þremur árum eftir að M leitaði til bæklunarlæknis og meira en ári frá því að M fékk vitneskju um varanlegar afleiðingar slyssins. V telur að slysið hafi verið tilkynnt of seint sbr. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Þá vísar V til þess að tjónsatburðurinn sé ósannaður og bendir á að aðeins liggi fyrir yfirlýsing skipstjóra sem gefin sé út fjórum árum eftir slysið og yfirlýsing samstarfsmanns sem gefin sé út fimm árum eftir slysið eftir að V hafði hafnað bótaskyldu og ekkert liggi fyrir um tilkomu þessara yfirlýsinga.

Álit.

Takmörkuð lýsing liggur fyrir á meintu tjónstílviki. Tvær yfirlýsingar liggja fyrir, en ekki liggur fyrir með hvaða hætti þeirra var aflað og þær eru óvottfestar. Í yfirlýsingu dags. 10.7.2012 segir að M hafi orðið fyrir áverkum í lok veiðiferðar, en sá sem yfirlýsinguna gefur var ekki sjónarvottur og getur ekki um hvers eðlis meiðsl M hafi verið. Í yfirlýsingu frá samstarfsmanni þ. 7.3.2013 segir að M hafi orðið fyrir slysi fyrir neðan hné í umrætt sinn. Af yfirlýsingu samstarfsmanns M verður ekki ráðið að M hafi meiðst á ökkla og sú yfirlýsing er gefin eftir að V hafnaði bótaskyldu. Að virtum öllum gögnum málsins liggur ekki fyrir lögfull sönnun á meintu tjónsatviki þ. 26.7.2008 og afleiðingum þess. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna

Reykjavík 10.9.2013

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.